

5. desember 2016 kl: 17:00



Stjórnarfundur Foreldrafélags Giljaskóla.

Mættir: Berglind Bergvinsdóttir, Elín Eyjólfsdóttir, Guðbjörg Björnsdóttir, Ásrún Hersteinsdóttir, Birna Baldursdóttir fjarv. og Ingunn Ósk Svavarsdóttir fjarv.

Mál sem tekin voru til umræðu:

1. **Foreldrarölt.** Endurskinsvesti fyrir foreldra á foreldraröltinu, Guðbjörg og Ásrún koma með þau í skólann. Þau verða staðsett í kassa inn í Dimmuborgum. Haldinn verður kynningarfundur fyrir foreldra miðvikudaginn 11. janúar klukkan 19:30-20:30. Ella ritari skólans, bjó til eyðublað fyrir þá sem sinna foreldraröltinu hverju sinni. Það verður rafrænt og kynnt betur á stjórnarfundinum. Bekkjarfulltrúar verða fengnir í lið með okkur og fá póst þess efnis.
2. **Jólasveinar fyrir frístund.** Foreldrafélagið býður jólasveinum í heimsókn á jólaball frístundar þann 13. desember n.k.
3. **Fundargerð skólaráðs.** Foreldrafélagið óskar eftir því að fundargerðir skólaráðsfundar komi inn á heimasíðu skólans.
4. **Viðburðir fyrir nemendur.** Stjórn foreldrafélagsins óskar eftir hugmyndum að viðburðum fyrir nemendur skólans sem foreldrafélagið gæti boðið upp á.
5. **Innkeyrsla skólans.** Rætt um slysahefðu á bílaplani skólans, á planinu er mikil umferð og bílar keyra í allar áttir. Óttumst við um börnin innan um þessa umferð á álgastímum. Ákveðið að skoða þetta mál nánar á nýju ári.
6. **Skipulag fyrirhugaðs foreldrarölts.** Mögulegt fyrirkomulag: Foreldrafélag Giljaskóla mun halda utan um fyrirkomulag foreldraröltsins og mun fulltrúi félagsins hafa tímanlega samband við bekkjarfulltrúa í þeim bekk sem á að manna röltið hverju sinni. Bekkjarfulltrúar hafa samband við foreldra í bekknum og tryggja að 2-3 foreldrar komi til með að röлта, mikilvægt er að allir viti af röltinu í tíma og geti tekið kvöldið frá í þetta. Því fleiri því betra. Þeir sem manna foreldravaktina hverju sinni fylla út sérstakt rafrænt eyðublað, sem má finna á heimasíðu skólans, www.giljaskoli.is/foreldrar/foreldrarolt (síða í vinnslu) að vakt lokinni sem segir til um hvernig röltið gekk og hvað bar á góma. Þær upplýsingar fara svo mögulega áfram til forvarnarfulltrúa og er safnað saman. Hver bekkur þarf ekki að manna nema ca 2 vaktir á önn. Svo þetta er mjög lítil fyrirhöfn fyrir foreldra en eykur öryggi barna okkar mikið. Áhersla verður á að foreldraröltið eigi sér stað þegar það eru opin hús og böll í skólanum.

Næsti stjórnarfundur verður miðvikudaginn 4. janúar klukkan 17:00.

Fundi slitið kl. 18:30. Fundaritari: Berglind Bergvinsdóttir